

28. júní 2019

Ályktun hjúkrunarráðs Landspítala um fyrirhugaðar breytingar á skipuriti

Forstjóri hefur tilkynnt fyrirhugaða grundvallarbreytingur á skipuriti Landspítala.

Hjúkrunarráð minnir á að í 13.gr. laga um heilbrigðisþjónustu frá 2007 kemur eftirfarandi fram:

“Fagráð, þ.m.t. lækna ráð og hjúkrunarráð þar sem þau eru starfandi, skulu vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri heilbrigðisstofnunar. Ber að leita álits fagráða um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar, þar á meðal eftir því sem við á álits lækna ráðs um lækniþjónustu og álits hjúkrunarráðs um hjúkrunarþjónustu”.

Hjúkrunarráð hefur ítrekað bent á vankanta á núgildandi skipuriti og fagnar því að ráðist sé í breytingar. Slíkar breytingar geta þó haft mikil áhrif á hjúkrunarþjónustu og því nauðsynlegt að framfylgja lögum um heilbrigðisþjónustu og hafa hjúkrunarráð til ráðuneytis þegar ráðist er í slíkar grundvallarbreytingar.

Fyrir hönd hjúkrunarráðs Landspítala

Marta Jónsd.

Marta Jónsdóttir

Formaður